

## AUGLÝSING

88  
17. okt.

um niðurfelling á breytingu, er gerð var 3. ágúst þ. á., á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands felld breytingu þá, sem gerð var 3. ágúst 1956 á forsetaúrskurði frá 24. júlí þ. á., um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., þar sem Emil Jónsson, ráðherra, var í forföllum Guðmundar Í. Guðmundssonar, ráðherra, falið að fara með þau mál, sem Guðmundi Í. Guðmundssyni voru þar falin. Fer Guðmundur Í. Guðmundsson, ráðherra, því aftur með þau mál, sem honum voru falin með forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í forsætisráðuneytinu, 17. október 1956.*

**Hermann Jónasson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

89  
20. des.

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Ítalíu.

Hinn 10. desember 1956 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Ítalíu, sem gildir í eitt ár frá 1. nóvember 1956.

Samkvæmt samkomulaginu mun íslenska ríkisstjórnin heimila innflutning fyrir tiltekna upphæðir á ýmsum ítölskum vörum, svo sem eplum, vefnaðarvöru, vélum, rafbúnaði, jarðstrengjum, rafmagnsvírum, bifreiðum, hjólbörðum og gólfduík. Í Ítalíu er innflutningur algerlega frjálst á saltfiski, skreið og öðrum útflutnings-afurðum Íslendinga og þurfti því ekki að semja um innflutningsheimild ítalskra stjórnarvalda fyrir íslenskar afurðir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 20. desember 1956.*

**Guðmundur Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## AUGLÝSING

90  
22. des.

um vináttusamning milli Íslands og Íran.

Hinn 15. júlí 1950 var undirritaður í Stokkhólmi vináttusamningur milli Íslands og Íran. Skipst var á fullgildingarskjölum í Stokkhólmi 27. nóvember s. l. Samningurinn gengur því í gildi, samkvæmt 5. gr. hans, hinn 12. desember 1956.

Þetta er hér með gerð almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 22. desember 1956.*

**Guðmundur Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

37